

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur fimmtudaginn 23. maí 2019 í máli nr. E-206/2018:

Lánasjóður íslenskra námsmanna

(Árni Þórólfur Arnason lögmaður)

gegn

Stefáni Hjálmarssyni,

(enginn)

Árna Hjálmarssyni,

Lilju Björk Hjálmarsdóttur,

Smára Hjálmarssyni og

Guðjóni Hjálmarssyni

(Árni Vilhjálmsson lögmaður)

Mál þetta, sem dómtekið var 2. apríl 2019, höfðaði Lánasjóður íslenskra námsmanna, Borgartúni 21, Reykjavík, með stefnu birtri 25. og 26. september, 18. október og 6. og 14. desember 2017. Stefnu eru Stefán Hjálmarsson, Tronesveien 14, Sandnes, Noregi, Árni Hjálmarsson, Alekärsvägen 9, Surte, Svíþjóð, Lilja Björk Hjálmarsdóttir, Jöklaseli 31, Reykjavík, Smári Hjálmarsson, Bogabraut 950, Reykjanesbæ, og Guðjón Hjálmarsson, Engjahlíð 1, Hafnarfirði.

Stefnandi gerir þær dómkröfur að stefnu verði dæmd til að greiða stefnanda óskipt 733.628 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af 119.148 krónum frá 30. júní 2013 til 1. september 2013, af 261.374 krónum frá þeim degi til 1. mars 2014, af 384.879 krónum frá þeim degi til 1. september 2014, af 618.042 krónum frá þeim degi til 8. janúar 2015 og af 733.628 krónum frá 8. febrúar 2015 til greiðsludags. Allt að frádregnum eftirtöldum innborgunum: 22.470 krónum og 19.858 krónum þann 2. ágúst 2013, 20.087 krónum, 19.858 krónum, 26.814 krónum og 23.704 krónum þann 2. október 2013, 23.000 krónum þann 23. júlí 2014 og 70.000 krónum þann 24. október 2014, eða alls að fjárhæð 225.791 krónur, sem dragast skulu frá skuldinni miðað við stöðu hennar á hverjum innborgunardegi. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefndu, að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Stefndu, Árni Hjálmarsson, Lilja Björk Hjálmarsdóttir, Smári Hjálmarsson og Guðjón Hjálmarsson, krefjast sýknu af öllum dómkröfum stefnanda, auk málskostnaðar, að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Stefndi, Stefán Hjálmarsson, sótti ekki þing við þingfestingu málsins og hefur ekki látið málið til sín taka.

I

Málsatvik

Helstu málsatvik eru þau að stefndi Stefán Hjálmarsson tók námslán hjá stefnanda á árinu 2009 og gaf af því tilefni út skuldabréf nr. G-081536 þann 6. júlí það ár. Sama dag tók móðir stefnda Stefáns, Halldóra Stefánsdóttir, á sig sjálfskuldarábyrgð á greiðslu lánsins með undirritun á skuldabréfið, fyrir fjárhæð allt að 700.000 krónur miðað við grunnvísitölu 300,3.

Halldóra lést 17. desember 2011 og sat þá í óskiptu búi eftir eiginmann sinn, Hjálmar Kristinsson, sem lést 13. júní 2010. Hjálmar heitinn var faðir allra stefndu, en ekkert þeirra er sammæðra hinum. Hjónin gerðu erfðaskrá 30. janúar 1991 þar sem kveðið var á um, í samræmi við 8. gr. erfðalaga nr. 8/1962, sbr. 3. gr. laga nr. 48/1989, að það þeirra sem lengur lifði hefði heimild til þess að sitja í óskiptu búi til andláts síns eða svo lengi sem það óskaði, án þess að afla þyrfti samþykkis annarra erfingja. Leyfi til setu í óskiptu búi var gefið út 4. ágúst 2010.

Stefnandi kveður afborganir námslánsins hafa verið í vanskilum frá fyrsta gjalddaga þess, 30. júní 2013, og hafi lánið verið gjaldfellt 8. janúar 2015 samkvæmt heimild í skuldabréfinu sjálfu og í samræmi við lög nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna og almennar reglur kröfuréttar. Þá hafi gjaldfallnar afborganir numið samtals 618.042 krónum, en eftirstöðvar lánsins þá verið 115.586 krónur, uppreiknað miðað við vísitölu þann dag 421,0 og 1% vexti.

Samkvæmt yfirliti um framvindu skipta á dánarbúi Halldóru veitti sýslumaðurinn í Keflavík lögerfingjum, þ.e. stefndu öllum, leyfi til einkaskipta þann 30. apríl 2012 en einkaskiptum lauk 7. febrúar 2013. Er ekki um það deilt að stefndu rituðu öll undir beiðni um leyfi til einkaskipta í mars og apríl 2012, þar sem því var lýst yfir „að erfingjar taka að sér **sjálfskuldarábyrgð**, einn fyrir alla og allir fyrir einn, á öllum skuldbindingum búsins og gjöldum sem fylgja skiptum og arftöku.“ Jafnframt veittu þau stefnda Stefáni Hjálmarssyni umboð til að koma fram af þeirra hálfu og í nafni dánarbúsins í samskiptum við aðra, þar á meðal við ráðstöfun eigna, viðtöku andvirðis þeirra, opinbera skýrslugerð og til að taka við tilkynningum í þeirra þágu vegna dánarbúsins.

Í málinu er deilt um það hvort þau stefndu sem tekið hafa til varna í málinu beri að réttum lögum sjálfskuldarábyrgð á námsláni hálfbróður síns, stefnda Stefáns.

Við aðalmeðferð málsins gáfu Árni Hjálmarsson og Lilja Björk Hjálmarsdóttir aðilaskýrslu, en auk þess gaf eiginmaður Lilju Bjarkar skýrslu sem vitni.

II

Málsástæður stefnanda

Í stefnu eru málsástæður stefnanda raktar samhliða lýsingu málsatvika, en hér verða helstu málsástæður raktar.

Stefnandi bendir á að fjárfrafa máls þessa sé tilkomin vegna námsláns stefnda Stefáns sem hann hafi fengið greitt út á árinu 2009. Stefnandi hafi við útgáfu skuldabréfs nr. G-081536 þann 6. júlí 2009 gengist undir skilmála lánsins, sem séu í samræmi við ákvæði laga nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Lánið sé verðtryggt miðað við vísitölu neysluverðs og beri breytilega vexti, sem séu 1% samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 478/2011 um Lánasjóð íslenskra námsmanna og reiknist frá námslokum sem stefnandi ákvarði. Við námslok stefnda 29. júní 2011 hafi skuldabréfið verið fyllt út með heildarfjárhæð lánsins, 640.020 krónur, miðað við grunnvísitölu 374,1, eins og stefnandi hafi heimilað stefnanda við undirritun skuldabréfsins. Hafi endurgreiðsla lánsins átt að hefjast tveimur árum eftir námslok og fara fram í tvennu lagi, annars vegar með fastri árgreiðslu með gjalddaga 1. mars ár hvert, er taka skyldi breytingum í hlutfalli við vísitölu neysluverðs, og hins vegar með tekjutengdri árgreiðslu með gjalddaga 1. september ár hvert, sem sé ákveðið hlutfall af tekjustofni lánþega árið á undan, að frádreginni föstu greiðslunni.

Stefnandi bendir á að ábyrgðarmaðurinn, Halldóra Stefánsdóttir, hafi við andlát sitt setið í óskiptu búi eftir eiginmann sinn, Hjálmar Kristinsson, föður allra stefndu. Sýslumaðurinn í Keflavík hafi veitt lögerfingjum leyfi til einkaskipta 30. apríl 2012 og hafi einkaskiptum á búinu lokið 7. febrúar 2013, samkvæmt yfirliti um framvindu skipta, en lögerfingjar séu auk lántakanda, stefndu Árni Hjálmarsson, Lilja Björk Hjálmarsdóttir, Smári Hjálmarsson og Guðjón Hjálmarsson.

Stefnandi byggir á því að samkvæmt 97. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o.fl. beri erfingjar, einn fyrir alla og allir fyrir einn, ábyrgð á skuldbindingum dánarbús eftir að einkaskiptum er lokið. Stefnandi mótmæli þeim vörnum stefndu Árna, Lilju Bjarkar, Smára og Guðjóns að þau hafi ekki verið erfingjar Halldóru heldur einungis eiginmanns hennar, Hjálmars heitins, sem röngum. Ákvæði 97. gr. laga nr. 20/1991 kveði fortakslaust á um óskipta ábyrgð erfingja á skuldbindingum dánarbús eftir að einkaskiptum er lokið. Í ljósi einkaskipta á dánarbúi Halldóru, sem setið hafði í óskiptu búi eftir eiginmann sinn, Hjálmar, hafi stefndu, börn Hjálmars heitins, þannig tekið á sig óskipta ábyrgð á öllum skuldbindingum sem á dánarbúinu hvíldu, þar á meðal skuldbindingu samkvæmt ábyrgð sem Halldóra gekkst í gagnvart stefnanda og sem kröfur stefnanda á hendur þessum stefndu séu byggðar á.

Nánari sundurliðun kröfunnar sé sem hér segir:

Gjaldfallin afborgun

dags. 30.06.2013 kr. 119.148

dags. 01.09.2013 kr. 142.226

dags. 01.03.2014 kr. 123.505

dags. 01.09.2014 kr. 233.163

Samtals: kr. 618.042

Gjaldfallnar eftirstöðvar

hinn 08.01.2015 kr. 115.586

Samtals: kr. 733.628

Inn á skuldina hafi verið greiddar innborganir að fjárhæð 225.791 króna og hafi verið tekið tillit til innborgana í dómkröfu. Þar sem innheimtutilraunir hafi ekki borið frekari árangur sé stefna þessi nauðsynleg.

Dómkrafan á hendur aðalskuldara með dráttarvöxtum á þingfestingardegi sé 736.135 krónur. Halldóra Stefánsdóttir hafi tekist á hendur sjálfskuldarábyrgð fyrir samtals allt að 1.032.400 krónur, uppreiknað miðað við vísitölu neysluverðs í september 2017, 442,9 stig. Erfingjum dánarbúsins, stefndu Árna, Lilju Björk, Smára og Guðjóni, sé því stefnt til greiðslu skuldarinnar í heild óskipt með aðalskuldara lánsins, stefnda Stefáni.

Þess sé krafist að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til þess kostnaðar sem hlotist hafi af þýðingu stefnunnar vegna birtingar hennar á hendur stefnda Stefáni í Noregi og stefnda Árna í Svíþjóð auk kostnaðar af stefnubirtingu að því leyti sem hann reynist hærri en almennt sé hér á landi. Stefnandi tekur fram að hann sé ekki virðisaukaskattsskyldur aðili og geri því kröfu um að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til skyldu til greiðslu virðisaukaskatts af þóknun lögmanns.

Um lagarök segir í stefnu að mál þetta sé höfðað og rekið samkvæmt XVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Stefnandi vísi til laga nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna, með síðari breytingum, sem og til viðeigandi reglugerða og úthlutunarreglna settra á grundvelli laganna. Þá sé enn fremur vísað til almennra reglna kröfu- og samningaréttarins um greiðslu fjárskuldbindinga. Um dráttarvaxtakröfu sé vísað til III. og V. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Varðandi varnarþing sé vísað til 3. mgr. 42. gr. laga nr. 91/1991 en málið sé rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur samkvæmt sérstöku ákvæði í skuldabréfinu sjálfu, sbr. einnig lög nr. 7/2011 um Lúganósamninginn um dómsvald o.fl. Varðandi kröfu um málskostnað vísi stefnandi til 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991. Um kröfu um virðisaukaskatt á málskostnað sé vísað til laga nr.

50/1988 um virðisaukaskatt. Þá sé jafnframt vísað til laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o.fl., einkum til 97. gr. laganna.

III

Málsástæður stefndu Árna, Lilju Bjarkar, Smára og Guðjóns

Í greinargerð eru málsástæður stefndu Árna, Lilju Bjarkar, Smára og Guðjóns raktar samhliða lýsingu málsatvika, en hér verða helstu málsástæður þeirra raktar.

Aðildarskortur

Stefndu byggja í fyrsta lagi á því að sýkna beri þau af kröfum stefnanda vegna aðildarskorts. Skýrt sé af erfðalögum nr. 8/1962, sbr. 1. gr. laganna, að þau séu ekki lögerfingjar Halldóru Stefánsdóttur ábyrgðarmanns. Halldóra hafi haft leyfi samkvæmt erfðaskrá til setu í óskiptu búi föður stefndu, Hjálmars Kristinssonar, án samþykkis stefndu. Jafnframt hafi fulltrúi sýslumannsins í Keflavík kosið að ljúka skiptum á dánarbúi Hjálmars Kristinssonar, föður stefndu, með einni sameiginlegri skiptagerð við einkaskipti á dánarbúi Halldóru Stefánsdóttur, með þeim afleiðingum að stefndu séu ranglega skráð sem lögerfingjar og börn Halldóru ábyrgðarmanns í upplýsingakerfum sýslumanns. Þessi atvik málsins, sem stefndu hafi reynt að fá leiðrétt, geri stefndu hins vegar ekki að lögerfingjum Halldóru í skilningi erfðalaga. Af því leiði, að mati stefndu, að þau geti ekki talist erfingjar við einkaskipti dánarbús Halldóru Stefánsdóttur ábyrgðarmanns í skilningi 97. gr. laga nr. 20/1991, sem beri óskipta ábyrgð á skuldbindingum dánarbús hennar í skilningi ákvæðisins. Því beri þessum stefndu engin skylda til þess að greiða fjárkröfu stefnanda, enda hafi þau ekki erfð og beri enga ábyrgð á þessari skuldbindingu dánarbús Halldóru gagnvart stefnanda. Beri því að sýkna stefndu vegna aðildarskorts, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Af erfðafjárskýrslu megi skýrlega sjá að stefndu hafi aðeins erfð föður sinn, Hjálmar Kristinsson, ólíkt stefnda og lántaka, Stefáni Hjálmarssyni, sem erfð hafi móður sína, Halldóru, að fullu. Það að skiptum á dánarbúum þeirra Hjálmars og Halldóru hafi verið lokið með einni sameiginlegri erfðafjárskýrslu, sem virðist ígildi skiptagerðar, samkvæmt leiðbeiningum og ákvörðun fulltrúa sýslumannsins í Keflavík, breyti ekki framangreindri staðreynd.

Ábyrgðarskuldbindingin er fallin niður fyrir vanrækslu á tilkynningarskyldu og tómlæti

Stefndu byggja á því að stefnandi hafi ekki tilkynnt stefndu um ábyrgðarskuldbindingu málsins, hvorki við upphaf einkaskipta 30. apríl 2012, undir skiptunum sjálfum, né þegar þeim lauk hinn 7. febrúar 2013 er yfirfærsla

ábyrgðarinnar til meintra erfingja á að hafa átt sér stað vegna einkaskipta á dánarbúi ábyrgðarmanns.

Samkvæmt síðustu málsgrein í tilkynningu til stefnda Stefáns um lokun skuldabréfs, dags. 18. janúar 2013, hafi tilkynningin einnig átt að sendast til ábyrgðarmanna og hefði því átt að berast dánarbúi Halldóru og með þeim hætti til stefndu, en einkaskiptum var þá ólokið. Engin slík tilkynning hafi borist dánarbúinu eða stefndu, en stefndu byggja á því að upplýsingarnar hefðu haft lykilaðhrif á framgang einkaskiptanna.

Þá hafi innheimtuviðvörðun til lántaka, stefnda Stefáns, vegna vanskila, dags. 15. janúar 2014, einnig verið send ábyrgðarmanni, samkvæmt efni bréfsins. Á þessum tímapunkti hafi tæpt ár verið liðið frá því að einkaskiptum á dánarbúum málsins lauk, en stefndu hafi enga slíka innheimtuviðvörðun fengið eftir því sem þau komist næst. Stefnandi virðist því annaðhvort ekki hafa litið á stefndu sem ábyrgðarmenn á þeim tímapunkti eða hafa vanrækt að tilkynna þeim um vanskilin.

Stefndu, eða í hið minnsta stefnda Smára Hjálmarssyni, virðist fyrst hafa verið tilkynnt um yfirfærslu ábyrgðar málsins til þeirra sem erfingja og um vanskil námslánsins með bréfi Gjaldskila, dags. 13. maí 2014, rúmunum tveimur árum frá upphafi einkaskipta og rúmu ári frá lokum þeirra, en þá hafi jafnframt verið liðnir tæpir 14 mánuðir frá frágangi skuldabréfsins hinn 18. janúar 2013. Stefnandi hafi þannig vanrækt verulega að tilkynna ætluðum erfingjum Halldóru um yfirfærslu þeirra skuldbindinga og réttinda sem mál þetta varði, en yfirfærslan eigi að hafa átt sér stað við lok einkaskipta hinn 7. febrúar 2013.

Halldóra Stefánsdóttir hafi undirritað ábyrgðaryfirlýsingu sína á skuldabréfið 6. júlí 2009, eins og áður sagði. Um ábyrgðina gildi því lög nr. 32/2009 um ábyrgðarmenn. Benda stefndu á að í 7. gr. laganna sé fjallað um tilkynningarskyldu lánveitanda gagnvart ábyrgðarmanni. Megintilgangur ákvæðisins samkvæmt lögskýringargögnum sé að lánveitandi upplýsi ábyrgðarmann um öll þau atvik sem áhrif hafi á forsendur ábyrgðar, ábyrgðarmanni í óhag.

Með vísan til framangreinds telji stefndu að stefnandi hafi vanrækt tilkynningarskyldu sína samkvæmt 7. gr. laga nr. 32/2009, með því að senda ekki tilkynningar til dánarbús Halldóru og/eða stefndu sem ætlaðra erfingja, við upphaf einkaskipta, frágang og lokun skuldabréfs lántaka, við vanskil lántaka, og við lok einkaskipta þegar meint yfirfærsla ábyrgðar málsins eigi að hafa átt sér stað. Þessi vanræksla sé að mati stefndu veruleg, en ábyrgðarmaður skuli vera skaðlaus af vanrækslu lánveitanda á tilkynningarskyldu og falli ábyrgð niður sé slík vanræksla veruleg, sbr. 2. mgr. 7. gr. laganna.

Stefndu vísa einnig til þess að stefnandi sé stjórnvald í skilningi stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, sbr. 1. gr. laganna. Stefnandi hafi ákveðið að beina ábyrgðarskuldbindingu málsins að stefndu og virðist þá hafa ákveðið að skrá stefndu sem ábyrgðarmenn á námsláni málsins í upplýsingakerfum lánasjóðsins. Á stefnanda hafi þá hvílt skylda til rannsóknar, leiðbeiningar og meðalhófs, sbr. 7., 10. og 12. gr. stjórnarsýslulaga. Vanræksla stefnanda á því að senda fullnægjandi og tímanlegar tilkynningar, eins og fjallað hafi verið um hér að að framan, hafi brotið í bága við framangreindar reglur stjórnarsýsluréttar að mati stefndu.

Þá liggi ekkert fyrir um það í máli þessu að stefnandi hafi sem lánveitandi metið lánshæfi stefnda Stefáns til þess að standa í skilum með námslánið, eins og stefnanda hafi verið skylt vegna ábyrgðar Halldóru Stefánsdóttur, sbr. 1. mgr. 4. gr. laga um ábyrgðarmenn. Þá hafi stefnanda einnig borið að ráða Halldóru frá því að undirgangast ábyrgð ef ástæður gáfu tilefni til, sbr. 3. mgr. 4. gr. laganna, og upplýsa ábyrgðarmanninn skriflega um áhættu sem fylgir ábyrgð, sbr. 1. mgr. 5. gr. laganna. Af framlögðum gögnum málsins af hálfu stefnanda fáist ekki séð að þessum lagaákvæðum hafi verið fullnægt.

Af framangreindu leiði að þau eignarréttindi stefnanda sem felist í ábyrgðarskuldbindingunni séu fallin niður að álitum stefndu, bæði samkvæmt 2. mgr. 7. gr. laga nr. 32/2009 um afleiðingar vanrækslu á tilkynningarskyldu til ábyrgðarmanna og samkvæmt meginreglum kröfuréttar um tómlæti.

Ábyrgðarskuldbindingunni beri að vikja til hliðar sökum ósanngirni, sbr. 36. gr. samningalaga.

Sakarefni málsins varði meðal annars fjölskyldu- og erfðarétt. Fjölskylduáðstæður stefndu Árna, Lilju, Smára og Guðjóns hafi verið óhefðbundnar vegna lítilla tengsla þeirra við föður sinn, Hjálmar Kristinsson, og við ábyrgðarmanninn Halldóru Stefánsdóttur, barnsmóður hans og síðar eiginkonu. Stefndu hafi hvorki þekkt föður sinn né Halldóru og hafi raunar ekki þekkt hvert til annars fyrr en eftir að innheimtuaðgerðir stefnanda hófust.

Stefnda og lántaka Stefáni Hjálmarssyni hafi sem sameiginlegu barni Halldóru og Hjálmars, og vegna náinna tengsla hans við hjónin, verið falið að sjá um skipti á dánarbúum þeirra í samráði við fulltrúa sýslumannsins í Keflavík. Stefndu hafi engar upplýsingar haft um eignir og skuldir Halldóru og Hjálmars aðrar en þær sem fram komu á erfðafjárskýrslu sem útbúin hafi verið af Stefáni og sýslumanni, þar sem í engu hafi verið getið um ábyrgðarskuldbindinguna.

Samkvæmt sameiginlegri erfðafjárskýrslu fyrir hjónin erfði stefndi og lántaki Stefán Hjálmarsson einn móður sína Halldóru. Arfur stefnda Stefáns, 60% arfshlutur sem samanstóð af öllum hlut Halldóru í eignum þeirra hjóna (50%), og fimmtungshlutur í helmingseign Hjálmars (10%), hafi numið 3.357.494 krónum.

Stefndu Árni, Lilja, Smári og Guðjón hafi hins vegar aðeins erft föður sinn Hjálmar, ásamt stefnda Stefáni (50% af eignum til skiptanna) og hafi hvert þeirra fyrir sig því fengið 10% arfshlut að fjárhæð 559.582 krónur.

Stefnandi krefjist greiðslu úr hendi allra stefndu óskipt þar sem stefndi Stefán hafi komið námsláni sínu í vanskil. Ef fallist yrði á málatilbúnað stefnanda og túlkun hans á 97. gr. skiptalaga hefði slík túlkun í för með sér að erfingjum látins einstaklings yrði skylt að taka á sig ábyrgðarskuldbindingar sem stofnað var til af óskyldri eiginkonu viðkomandi, þrátt fyrir að teljast ekki lögerfingjar eiginkonunnar í skilningi erfðalaga, og þrátt fyrir að raunverulegur lögerfingi hennar hefði erft allar eignir hennar við búskipti. Slík beiting 97. gr. skiptalaga fái ekki að staðist að mati stefndu og sé í hið minnsta verulega ósanngjörn gagnvart erfingjum hins skammlífara hjóna þegar hið langlífara situr í óskiptu búi hins án samþykkis einkabarna hins skammlífara.

Framangreind túlkun 97. gr. skiptalaga sé að mati stefndu jafnframt ósamrýmanleg meginreglu hjúskaparlaga eins og hún birtist í 68. gr. laganna, að annað hjóna geti ekki skuldbundið hitt með sammingsgerð, nema með heimild í samningi eða lögum.

Til viðbótar framangreindu telji stefndu að stefnandi hafi vanrækt tilkynningarskyldu sína samkvæmt lögum um ábyrgðarmenn nr. 32/2009. Þá fái stefndu ekki séð af gögnum málsins að stefnandi hafi metið lánshæfi stefnda og lántaka Stefáns Hjálmarssonar, eins og fyrr sagði, en stefnanda hafi verið skylt að framkvæma greiðslumat á lántaka, upplýsa Halldóru um áhættu ábyrgðaryfirlýsingar og eftir atvikum ráða henni frá því að gangast undir ábyrgð ef aðstæður stefnda Stefáns gáfu tilefni til, sbr. 4. og 5. gr. laga um ábyrgðarmenn.

Loks áréttast stefndu að stefnandi sé lánasjóður og einn stærsti lánveitandi landsins, en lánasafn hans nemi um 223 milljörðum króna. Verulegur aðstöðumunur sé með aðilum málsins. Annars vegar hafi verið verulegur aðstöðumunur með stefnanda og Halldóru er hún gekkst í sjálfskuldarábyrgð fyrir son sinn, stefnda Stefán, 6. júlí 2009, er hún var á sjötugsaldri. Hins vegar sé verulegur aðstöðumunur með stefnanda og stefndu. Á því tímabili er einkaskipti fóru fram á dánarbúum Halldóru og Hjálmars, og allt þar til stefnandi ákvað að beina ábyrgðarskuldbindingu málsins að stefndu í maí 2014, hafi stefnandi verið í kjöraðstöðu til að afla upplýsinga um stöðu ábyrgðar Halldóru, og fullnægja tilkynningarskyldu sinni í þeim efnum. Stefndu hafi aftur á móti engar upplýsingar haft um eignir og skuldir Halldóru og Hjálmars aðrar en þær sem lántaki og stefndi Stefán aflaði. Þá verði að hafa í huga að stefnandi hafi höfðað annað einkamál á hendur stefndu vegna ábyrgðarskuldbindinga Halldóru að fjárhæð 7.519.761 króna á grundvelli einkaskipta sama dánarbús og í máli þessu. Hefði stefnandi sinnt

tilkynningar- og upplýsingaskyldu sinni, og hefði jafnræði verið með aðilum í málinu, þá hefði legið fyrir við einkaskiptin að skuldbindingar dánarbúa málsins væru mun hærrí en eignir.

Með vísan til allra atvika málsins og framangreinds rökstuðnings telji stefndu Árni, Lilja, Smári og Guðjón það verulega ósanngjarnt af hálfu stefnanda að bera fyrir sig ábyrgðarskuldbindingu málsins gagnvart þeim. Stefndu byggji því einnig á þeirri málsástæðu að víkja eigi ábyrgð málsins til hliðar í heild sinni, sbr. 1. mgr. 36. gr. laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga nr. 7/1936.

Um lagarök er í stefnu vísað til erfðalaga nr. 8/1962, laga um ábyrgðarmenn nr. 32/2009, stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga nr. 7/1936, og loks til meginreglna kröfu- og eignarréttar um tómlæti. Krafa um málskostnað sé reist á 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

IV

Niðurstaða

1.

Við þingfestingu málsins 18. janúar 2018 var ekki sótt þing af hálfu stefnda Stefáns Hjálmarssonar, þrátt fyrir löglega stefnubirtingu, en birting fór fram 14. desember 2017 í Svíþjóð. Ber því samkvæmt 1. mgr. 96. gr. laga nr. 91/1991 að dæma málið eftir kröfum og málatilbúnaði stefnanda að því leyti sem er samrýmanlegt framkomnum gögnum, nema gallar séu á málinu sem varða frávísun án kröfu.

Fjárfrafa stefnanda er samkvæmt skuldabréfi sem fyrir liggur í málinu. Málið er réttilega höfðað á umsömdu varnarþingi samkvæmt skuldabréfinu, sbr. 3. mgr. 42. gr. laga nr. 91/1991, en auk þess á varnarþingsregla 1. mgr. sömu greinar við, sbr. 1. mgr. 32. gr. sömu laga. Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda fyrnast kröfur samkvæmt skuldabréfi á tíu árum, en um fyrningu kröfu um dráttarvexti gildir fjögurra ára fyrningarfrestur eftir meginreglu 3. gr. sömu laga. Vegna innborgana á skuldina sem getið er í dómkröfu teljast kröfur um dráttarvexti eldri en fjögur ár frá höfðun málsins þó ófyrndar. Ekki verður annað séð en að krafa stefnanda samræmist framkomnum gögnum og eru engir gallar á málinu sem varða frávísun þess án kröfu. Verður stefndi því dæmdur til að greiða stefnanda stefnufjárhæðina, með dráttarvöxtum og að teknu tilliti til innborgana, eins og nánar greinir í dómsorði.

2.

Stefndu, önnur en stefndi Stefán, hafa tekið til varna.

Í stefnu segir að málið sé rekið samkvæmt XVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, en í ákvæðum þess kafla felast takmarkanir við því hvaða vörnum verður komið að í skuldabréfamáli. Stefnandi gaf þó yfirlýsingu fyrir dómi, í samræmi við 1. mgr. 119. gr. laganna, um að hann samþykkti að frekari varnir, þ.e. allar varnir sem stefndu hafa teft fram, komist að í málinu.

Stefndu byggja kröfu sína um sýknu í fyrsta lagi á aðildarskortu, eins og nánar er rakið í kafla III hér að framan. Í máflutningi kom fram að stefndu telji dóma Hæstaréttar Íslands, þar sem fallist hefur verið á að erfingjar látins sjálfskuldarábyrgðarmanns, hvers búi hefur verið skipt einkaskiptum, beri ábyrgð á skuldbindingum hans gagnvart stefnanda, svo sem í máli nr. 229/2015, ekki hafa fordæmisgildi í þessu máli. Málsatvik í þessu máli séu ólík atvikum í dómum réttarins að því leyti að stefndu hafi ekki tekið arf eftir Halldóru Stefánsdóttur, heldur einungis föður sinn, Hjálmar Kristinsson. Hjálmar hafi, sem hið skammlífara þeirra hjóna, aldrei tekið á sig ábyrgðarskuldbindingu Halldóru. Þar af leiðandi geti erfingjar hans ekki borið ábyrgð á þeirri skuldbindingu hennar, en túlka verði 97. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o.fl., einkum orðið „erfingjar“, í ljósi erfðalaga nr. 8/1962.

Það er skilyrði þess að sýslumaður gefi út leyfi til einkaskipta, „að erfingjar hafi tekið að sér sjálfskuldarábyrgð, einn fyrir alla og allir fyrir einn, á öllum skuldbindingum sem kunna að hvíla á búinu og gjöldum sem leiða af skiptunum eða arftöku“, sbr. 5. tölulið 1. mgr. 28. gr. laga nr. 20/1991. Þá er ákvæði 97. gr. laganna svohljóðandi: „Eftir að einkaskiptum er lokið bera erfingjar einn fyrir alla og allir fyrir einn ábyrgð á skuldbindingum búsins án tillits til þess hvort þeim var kunnugt um þær áður en skiptum var lokið.“ Orðalag þessa lagaákvæðis er fortakslaust um sameiginlega ábyrgð erfingja á skuldbindingum dánarbús þegar einkaskipti þess hafa farið fram og er ekkert í lögskýringargögnum að baki því sem styður þann skilning stefndu að ábyrgð erfingja fari eftir arfshlutfalli þeirra.

Stefndu stóð til boða að krefjast opinberra skipta á óskiptu dánarbúi Halldóru og föður þeirra, treystu þau því ekki að fullnægjandi upplýsingar lægju fyrir um skuldir og ábyrgðarskuldbindingar hennar, sbr. 38. gr. laga nr. 20/1991. Enn fremur áttu þau þess kost að láta uppi þá afstöðu sína við sýslumann, svo sýslumaður hæfist handa við að krefjast opinberra skipta, sbr. 37. gr. sömu laga. Þá áttu þau þess kost samkvæmt 24. gr. laganna að óska heimildar sýslumanns til að afla upplýsinga hjá öðrum um eignir bús og skuldastöðu í krafti valdheimilda hans, sbr. 10. gr. laganna, teldu þau sig ekki geta aflað fullnægjandi upplýsinga um skuldir og ábyrgðir búsins með öðrum hætti.

Stefndu neyttu ekki framangreindra úrræða heldur undirrituðu, ásamt stefnda Stefáni Hjálmarssyni, í mars og apríl 2012, beiðni um útgáfu leyfis til

einkaskipta, þar sem þau lýstu því yfir að þau sem erfingjar hvors hinna látnu tækju að sér sjálfskuldarábyrgð, einn fyrir alla og allir fyrir einn, á öllum skuldbindingum búsins. Veitti sýslumaður leyfið 30. apríl það ár og lauk einkaskiptum 6. febrúar 2013 með undirritun þeirra undir yfirlýsingu sama efnis á erfðafjárskýrslu vegna dánarbús beggja hjónanna, en slík erfðafjárskýrsla getur talist ígildi skiptagerðar, sbr. 4. mgr. 93. gr. laga nr. 20/1991. Stefnu draga ekki í efa gildi undirritana sinna og verður ekki annað séð af þessum skjölum en að stefnu hafi með þeim tekið á sig ábyrgð á öllum skuldbindingum hins óskipta bús, alls óháð hlutfalli erfðaréttar þeirra í búinu.

Samkvæmt framanrituðu verður að hafna málsástæðu stefnu um aðildarskort.

Í öðru lagi byggja stefnu á því að ábyrgðarskuldbinding þeirra sé fallin niður fyrir verulega vanrækslu á tilkynningarskyldu, sbr. 2. mgr. 7. gr. laga nr. 32/2009 um ábyrgðarmenn og meginreglur kröfuréttar um tómlæti.

Í framangreindri beiðni um leyfi til einkaskipta sem stefnu undirrituðu veittu þau stefnda Stefáni Hjálmarssyni umboð til að koma fram af hálfu þeirra og í nafni dánarbúsins í samskiptum við aðra, þar á meðal til að taka við tilkynningum í þeirra þágu vegna dánarbúsins. Gátu þau því ekki vænst þess að þeim sjálfum bærust tilkynningar vegna dánarbúsins á meðan einkaskiptum var ólokið. Skiptum lauk 7. febrúar 2013 en vanskil lánsins hófust í júní sama ár. Stefnu var með bréfi, dags. 13. maí 2014, tilkynnt að lánið væri í vanskilum, um stöðu þess og fjárhæð gjaldfallinna afborgana, og að krafan myndi eftirleiðis beinast að þeim vegna ábyrgðar þeirra sem erfingja dánarbús sem lokið hefði verið með einkaskiptum.

Eins og fyrr sagði stóðu stefnu önnur úrræði til boða en að óska eftir leyfi til einkaskipta. Það hvíldi á þeim sjálfum að afla viðhlítandi upplýsinga um skuldir og ábyrgðir dánarbúsins, áður en þó tókust á hendur þá sjálfskuldarábyrgð sem leyfi til einkaskipta fylgir lögum samkvæmt. Stefnanda verður ekki kennt um vanhöld á þeirri upplýsingaöflun. Stefnu hafa ekki sýnt fram á að stefnandi hafi við beitingu tryggingarréttinda sinna valdið þeim sem ábyrgðarmönnum öðrum og meiri skaða en bættur verði með úrræðum 3. og 4. mgr. 7. gr. laga nr. 32/2009, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar Íslands frá 5. nóvember 2015 í máli nr. 229/2015. Verður því ekki talið um svo verulega vanrækslu að ræða að leiða eigi til niðurfalls ábyrgðarskuldbindingar, sbr. 2. mgr. 7. gr. laganna. Meginreglur kröfuréttar um tómlæti geta ekki leitt til annarrar niðurstöðu. Hið sama verður sagt um reglur stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, sem stefnu byggja á að hafi verið brotnar með vanrækslu stefnanda á að senda fullnægjandi og tímanlegar tilkynningar. Verður framangreindum málsástæðum því öllum hafnað.

Í þriðja lagi benda stefndu á að ekki verði af gögnum málsins ráðið að stefnandi hafi metið lánshæfi stefnda Stefáns áður en Halldóra heitin undirritaði sjálfskuldarábyrgðaryfirlýsinguna 6. júlí 2009, eins og skylt hafi verið samkvæmt ákvæðum laga nr. 32/2009 um ábyrgðarmenn, sem þá höfðu tekið gildi, en borið hefði að ráða henni frá því að undirgangast ábyrgð, ef aðstæður gáfu tilefni til, sbr. 4. og 5. gr. laga nr. 32/2009. Virðast stefndu bæði byggja á þessu atriði sem sjálfstæðri málsástæðu og í tengslum við þá málsástæðu að víkja beri ábyrgðarskuldbindingunni til hliðar með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936. Í lögum nr. 32/2009 eru engar reglur sem mæla fyrir um ógildi samnings vegna annmarka af þessum toga og verður því að finna því stoð í reglum samningaréttar, ef leysa á stefndu undan ábyrgð af framangreindum sökum. Hefur þessu ítrekað verið slegið föstu í dómaframkvæmd, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar Íslands frá 18. október 2018 í máli nr. 190/2018. Verður þetta atriði því einungis skoðað í tengslum málsástæðu stefndu um 36. gr. laga nr. 7/1936, sem nú verður fjallað um.

Samkvæmt 36. gr. laga nr. 7/1936 má víkja samningi til hliðar í heild eða að hluta, eða breyta, ef það yrði talið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig. Við mat um það skal líta til efnis samnings, stöðu samningsaðilja, atvika við samningsgerðina og atvika sem síðar komu til.

Í þessu efni benda stefndu meðal annars á að þau hafi ekkert þekkt föður sinn og því síður eiginkonu hans, Halldóru heitna eða hálfbróður sinn, stefnda Stefán Hjálmarsson. Þá hafi þau aðeins erft föður sinn, ólíkt stefnda Stefáni sem erft hafi bæði móður sína og föður. Þessar aðstæður varða ekki stefnanda og verður ekki séð hvernig þær geti gert það að verkum að ósanngjarnt sé af stefnanda að bera fyrir sig ábyrgðarskuldbindingu Halldóru heitinnar og þá ábyrgð sem stefndu tóku á sig á skuldum dánarbúsins með einkaskiptum þess.

Einnig benda stefndu á að aðstöðumunur sé með þeim og stefnanda, vegna þess að stefnandi hafi verið í „kjöraðstöðu“ til að afla upplýsinga um stöðu ábyrgðar Halldóru og fullnægja tilkynningarskyldu sinni, en stefndu hafi engar upplýsingar haft um eignir og skuldir dánarbús Halldóru og föður þeirra, aðrar en þær sem hálfbróðir þeirra, stefndi Stefán, aflaði. Hvað það varðar skal endurtekið að stefndu geta ekki varpað á stefnanda eigin ábyrgð á öflun upplýsinga um stöðu dánarbúsins hvað skuldir og ábyrgðir snertir.

Þá vísa stefndu til framangreindrar röksemdar um skort á könnun á lánshæfi stefnda Stefáns er móðir hans undirritaði ábyrgðaryfirlýsingu sína og til þess að verulegur aðstöðumunur hafi verið með henni, sem var á 62. aldursári við undirritun ábyrgðaryfirlýsingarinnar, og stefnanda, sem sé einn stærsti lánveitandi landsins.

Aðstöðumunurinn einn sér nægir ekki til þess að ósanngjarnt geti talist af stefnanda að bera fyrir sig ábyrgðarskuldbindinguna, nema annað og meira komi til. Ljóst er hins vegar að ákvæði laga nr. 32/2009 höfðu tekið gildi er Halldóra ritaði undir ábyrgðaryfirlýsingu sína 6. júlí 2009. Bar stefnanda því samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laganna að meta hæfi lántaka til að standa í skilum með lán í greiðslumati sem bar að byggja á viðurkenndum viðmiðum. Þessu haggja ekki ákvæði reglugerðar nr. 920/2013 sem stefnandi vísaði til við munnlegan málflutning og kveða á um að ekki sé skylt að framkvæma greiðslumat nema vegna samninga að fjárhæð 2.000.000 króna eða meira, enda hafði sú reglugerð ekki tekið gildi við undirritun Halldóru. Stefnandi hefur ekki lagt fram nein gögn sem sýna fram á að hæfi stefnda Stefáns til að standa í skilum með lánið hafi verið metið með nokkrum hætti og niðurstaða þess kynnt Halldóru, hvorki svokallað lánshæfismat né svokallað greiðslumat. Liggja því engar upplýsingar fyrir í málinu sem nokkuð má af ráða um hvort lánshæfi lántakans hafi í reynd verið áfátt í júlí 2009.

Á hinn bóginn er til þess að líta að ábyrgð stefndu er leidd af ábyrgð Halldóru heitinnar. Engar upplýsingar liggja fyrir um það hver afstaða Halldóru heitinnar hafi verið til framanlýsts annmarka á framkvæmd stefnanda og verður ekkert af gögnum málsins ráðið um það hvort líkur standi til að hún hefði neitað syni sínum um að gangast í sjálfskuldarábyrgð fyrir námsláni hans að þeirri fjárhæð sem hún gerði ef eitthvað neikvætt hefði komið út úr lánshæfis- eða greiðslumati. Við mat um þetta verður að líta til tengsla hennar við lántaka, fjárhæðar ábyrgðarinnar og þess að á umræddum tíma þurftu allir námsmenn að leggja fram ábyrgðir, enda hafði lögum nr. 21/1992 ekki verið breytt með lögum nr. 78/2009. Afstaða ábyrgðarmannsins skiptir máli við mat á því hvort til greina kemur að víkja ábyrgð til hliðar, en um það má hafa hliðsjón af dómi Hæstaréttar Íslands frá 19. febrúar 2015 í máli nr. 481/2014.

Ákvæði 36. gr. laga nr. 7/1936 fela í sér undantekningu frá þeirri meginreglu að samningar skuli standa. Að öllu framanrituðu virtu í heild verður ekki á það fallist að ósanngjarnt geti talist eða andstætt góðri viðskiptavenju að stefnandi beri fyrir sig ábyrgðarskuldbindingu Halldóru heitinnar og jafnframt þá ábyrgð sem stefndu tóku á sig á skuldum dánarbúsins með einkaskiptum þess. Verður þeirri málsástæðu stefndu því hafnað.

Samkvæmt framanrituðu, og þar sem öllum málsástæðum stefndu hefur verið hafnað, ber að fallast á dómkröfu stefnanda um að stefndu verði öll dæmd til að greiða honum óskipt stefnu fjárhæðina, ásamt dráttarvöxtum og að frádregnum innborgunum eins og í dómkröfu greinir, en enginn ágreiningur er með aðilum um fjárhæðir og vaxtakröfur.

Eftir úrslitum málsins, sbr. 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, verður stefndu Árna, Lilju Björk, Smára og Guðjóni Hjálmarbörnum gert að greiða stefnanda málskostnað óskipt, sem þykir hæfilega ákveðinn með þeirri fjárhæð sem í dómsorði greinir, að teknu tilliti til virðisaukaskatts. Þar af verður stefndi Stefán Hjálmarsson, sem ekki tók til varna í málinu, dæmdur til að greiða hluta málskostnaðarins óskipt með öðrum stefndu. Við ákvörðun málskostnaðar hefur meðal annars verið litið til málskostnaðarákvörðunar í öðru máli sem flutt var og dæmt er samhliða þessu máli, þ.e. máli nr. E-2088/2018, sbr. 4. mgr. 130. gr. sömu laga.

Hildur Briem héraðsdómari kveður upp dóm þennan, að gættu ákvæði 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991, en dómsuppsaga dróst vegna embættisanna dómara og helgidaga. Af hálfu stefnanda flutti málið Árni Þórólfur Árnason lögmaður, en Árni Vilhjálmsson lögmaður flutti málið af hálfu þeirra stefndu sem tóku til varna.

Dómsorð:

Stefndu, Stefán Hjálmarsson, Árni Hjálmarsson, Lilja Björk Hjálmarsdóttir, Smári Hjálmarsson og Guðjón Hjálmarsson, greiði stefnanda, Lánasjóði íslenskra námsmanna, óskipt 733.628 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, af 119.148 krónum frá 30. júní 2013 til 1. september 2013, af 261.374 krónum frá þeim degi til 1. mars 2014, af 384.879 krónum frá þeim degi til 1. september 2014, af 618.042 krónum frá þeim degi til 8. janúar 2015 og af 733.628 krónum frá 8. febrúar 2015 til greiðsludags, allt að frádregnum eftirtöldum innborgunum: 22.470 krónum og 19.858 krónum þann 2. ágúst 2013, 20.087 krónum, 19.858 krónum, 26.814 krónum og 23.704 krónum þann 2. október 2013, 23.000 krónum þann 23. júlí 2014 og 70.000 krónum þann 24. október 2014, eða samtals 225.791 krónu, sem dragast skulu frá skuldinni miðað við stöðu hennar á hverjum innborgunardegi.

Stefndu Árni Hjálmarsson, Lilja Björk Hjálmarsdóttir, Smári Hjálmarsson og Guðjón Hjálmarsson greiði stefnanda óskipt 650.000 krónur í málskostnað, en þar af greiði stefndi Stefán Hjálmarsson stefnanda 125.000 krónur óskipt í málskostnað með öðrum stefndu.

Hildur Briem

